## Námsáætlun fyrir íslensku - 3. bekkur
## Skólaárið 2023 – 2024

**Kennari:** Arnrún Björk Kristinsdóttir og Hildur Hauksdóttir
**Tímafjöldi:** 7 kennslustundir á viku.

| Námsþættir | Hæfniviðmið | Kennsluhættir/leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Talað mál, hlustun og áhorf** | **Nemandi á að hafa öðlast hæfni í að:**<br>• Beita skýrum og áheyrilegum framburði<br>• Hlusta og horfa með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni<br>• Tjá sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu<br>• Eiga góð samskipti, hlusta og sýna kurteisi<br>• Segja frá eftirminnilegum atburði og lýsa ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið | • Nemendur læra að tala og lesa upphátt fyrir framan samnemendur<br>• Þjálfast í að tala hátt og skýrt og bera sig vel<br>• Æfa góð samskipti og sýna öðrum virðingu og kurteisi<br>• Lesa texta og segja frá með eigin orðum | • Virkni<br>• Færni<br>• Vinnusemi |
| **Lestur og bókmenntir** | **Nemandi á að hafa öðlast hæfni í að:**<br>• Beita aðferðum við umskráningu hljóða og stafa | • Nemendur lesa daglega bæði í skóla og heima<br>• Nemendur velja bækur á bókasafni eftir áhuga- og getusviði | • Fylgst með heimalestri<br>• Lesferill/Lesfimipróf í september, janúar og maí. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | þannig að lestur verði lipur og skýr<br>• Velja sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings.<br>• Beita fáeinum algengum hugtökum í bragfræði svo sem rími, kvæði,vísu og ljóðlínu.<br>• Velja bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju<br>• Nýta góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi<br>• Lesa ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum<br>• Afla sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi<br>• Tengja þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess<br>• Beita hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap<br>• Lesa úr táknmyndum og myndrænu efni, svo sem | • Lesi ljóð sér til ánægju<br>• Einstök orð rædd og útskýrð | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum. | | |
| **Ritun** | **Nemandi á að hafa öðlast hæfni í að:**<br>• Draga rétt til stafs og skrifa skýrt og læsilega<br>• Þekki grunnþætti í byggingu texta, svo sem upphaf, meginmál og niðurlag<br>• Nýta sér fyrirmyndir í ritun, svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis<br>• Semja texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð<br>• Skrifa og leyfa öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða lestri lesenda | • Skriftarþjálfun í skóla<br>• Nemendur vinna margskonar ritunarverkefni í skóla og heima<br>• Þjálfast í að greina upphaf, meginmál og niðurlag í sögum og öðrum textum<br>• Læra að greina aðalatriði í texta<br>• Nemendur læra snyrtileg vinnubrögð og vandaðan frágang | • Skriftarkönnun í lok anna |
| **Málfræði** | **Nemandi á að hafa öðlast hæfni í að:**<br>• Beita töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ráða yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska<br>• Gera sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða | • Þekkja stafrófið, sérhljóða og samhljóða<br>• Þekkja samheiti og andheiti<br>• Að nafnorð skiptist í sérnöfn og samnöfn<br>• Greinir nafnorða<br>• Einfaldur og tvöfaldur samhljóði<br>• Eintala og fleirtala<br>• Samsett orð<br>• Lýsingarorð<br>• Sagnorð | • Málfræðikönnun í lok anna |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | • Þekkja muninn á samnöfnum og sérnöfnum<br>• Þekkja og finna helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein<br>• Leika sér með ýmis einkenni tungumálsins, svo sem margræðni orða og fundið kyn og tölu<br>• Leika sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma og fara í orðaleiki<br>• Raða í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag<br>• Búa til málsgreinar og ráðið við að greina málsgreinar í eigin texta<br>• Gera sér grein fyrir markmiði þess að læra íslenska málfræði | • Nútíð og þátíð | |
| **Lesskilningur** | **Nemandi á að hafa öðlast hæfni í að:**<br>• Hafa gagn af lestri og hlustun<br>• Lesa efni tengt getu og áhuga<br>• Lesa sér til skilnings | • Lestur ólíkra texta og verkefni tengd þeim<br>• Hlustunaræfingar og verkefni<br>• Vinnubækur og lesskilningsverkefni | • Lesskilningskönnun í jan. og maí.<br>• Orðarún í október og apríl. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | • Svara spurningum úr lesnum textum eða eftir hlustun<br>• Greina aðalatriði úr texta og draga ályktanir af honum<br>• Tengja það sem hann les við þá kunnáttu sem hann hefur | | |
| **Námsgögn:**<br>Lestarbækur við hæfi frá kennara og bókasafni, lestextar, Litla Lesrún, Lesrún, Ritrún 2 og 3, Skrift 1 og 2, Góður-betri-bestur, mms.is, ljósritaðar verkefnabækur af skólavefnum. Verkefni af vefsíðum: utfyrirbokina.is, 123skoli.is, fjolbreyttkennsla.is. Ipad kennsla og ýmis forrit líkt og Seesaw og bookcreator nýtt til verkefnaskila. | | | |
| **Lokanámsmat: Fyllt inn á hæfnikort nemenda í janúar og maí.**<br>Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt. | | | |